

28.2.2018

148. löggjafarþing 2017-2018

Þingskjal 34 - 34. mál

Umsögn mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar vegna:

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum
(réttur barna til dvalarleyfis).**

1.mgr. 71. gr laganna orðast svo: Heimilt er að veita barni yngri en 18 ára dvalarleyfi ef foreldri þess hefur dvalarleyfi á grundvelli 58.,61.-63.,65.-67.,70.,73.-76. eða 78.gr

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar fagnar því að fleiri flokkar dvalarleyfa falla undir ákvæðið og veita rétt til fjölskyldusameiningar þegar um er að ræða börn yngri en 18 ára. Ef frumvarpið verður að lögum er þó áfram gert ráð fyrir að dvalarleyfi sérhæfðra starfsmanna á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga (64. gr.), dvalarleyfi vegna vistráðningar (68. gr.) sem og dvalarleyfi vegna sérstaks og lögmæts tilgangs (79. gr.) eða bráðabirgðaleyfi (77. gr.) veiti börnum foreldra með slík leyfi ekki rétt til að fylgja foreldrum sínum til landsins. Þótt þar sé í flestum tilfellum um að ræða leyfi sem ætluð eru til tímabundinnar dvalar þá ætti réttur barna til að fylgja foreldrum sínum alltaf að vera tryggður, líkt og kveðið er á um í 7.gr Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Ofangreindir flokkar ættu því einnig að falla undir ákvæðið.